

# 314. fundur Skólanefndar FS

## 16. maí 2012



**Mættir:** Kristbjörn Albertsson formaður, Ingimundur Þ. Guðnason, Böðvar Jónsson, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson, María Magnúsdóttir og Sölvi Logason, Kristján Ásmundsson aðstoðarskólameistari og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

**Dagskrá:**

1. Nýr skólameistari.
2. Útskrift vorið 2012.
3. Innritunn á haustönn 2012.
4. Önnur mál.

### 1. Nýr skólameistari.

Kristján Pétur Ásmundsson hefur verið skipaður skólameistari og tekur við í haust. Viðstaddir buðu Kristján velkominn til starfa og óskuðu honum velfarnaðar í starfi.

### 2. Útskrift vorið 2012.

Útskrift verður laugardaginn 19. maí kl. 14:00. Alls munu 92 nemendur útskrifast.

### 3. Innritunn á haustönn 2012.

Sagt frá innritun á haustönn. Um 800 þeirra sem stunda nám í skólanum hafa sótt um á næstu önn. Auk þeirra hafa 332 aðrir sótt um en umsóknarfrestur er ekki enn liðinn. Einnig mun hópur nemenda stunda nám á vegum Vinnumálastofnunar.


### 4. Önnur mál.

a) Skólameistari sagði frá nýju námsframboði á haustönn. Þar er um að ræða smiðjur fyrir nemendur sem hentar ekki hefðbundið námsframboð en smiðjurnar eru blanda af bóklegu og verklegu námi. Einnig er stefnt að því að auka framboð af starfsnámi. Þá er verið að vinna með Miðstöð símenntunar að því að þróa tæknistöðir sem er undirbúningsnám fyrir eldra fólk sem ætlar í verklegt nám.

b) Aðstoðarskólameistari sagði frá rannsóknum Háskóla Íslands á gengi nemenda. Þar kemur í ljós að þegar tekið er tillit til grunnskólaeinkunna er lítil munur á nemendum eftir því úr hvaða framhaldsskóla þeir koma. Þá var sagt frá stærðfræðiprófi sem nemendur í verkfræði og raungreinum í HÍ taka en þar voru nemendur héðan í 3. sæti. Nefndarmenn lögðu áherslu á að þessar niðurstöður verði kynntar almenningi.

- c) Málþing var haldið í skólanum þar sem kennarar skólans sögðu frá tilraunum og nýjungum sem hefur verið unnið að í vetur. Þar voru kynnt fjölbreytt verkefni.
- d) Skólameistari þakkaði skólanefnd fyrir gott og ánægjulegt samstarf undanfarin 17 ár. Nefndarmenn þökkuðu skólameistara gott samstarf og gott starf í þágu skólans og óskuðu honum velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Fleira ekki gert og fundi slitið.



Guðmann Kristþórsson,  
fundarritari